

Alta ehf  
Matthildur Kr. Elmarsdóttir  
Ármúla 32  
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. júlí 2008  
Tilvísun: UST20080600036/sf

### Gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélagið Norðurþing

Vísað er til erindis Alta er barst með tölvupósti þann 4. júní sl. vegna aðalskipulagsgerðar fyrir Norðurþing. Óskað er eftir ábendingum um efni á verksviði Umhverfisstofnunar sem varðar aðalskipulagsgerðina.

Umhverfisstofnun hefur á fyrri stigum vinnu við við aðalskipulagsáætlun komið á framfæri við skipulagsráðgjafa hvaða atriði stofnunin telur mikilvægt að fjallað verði um í viðkomandi aðalskipulagstillögu og hvers beri að taka tillit til við stefnumörkun í aðalskipulagi. Umhverfisstofnun vill á þessu stigi málsins koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

#### Náttúruminjar

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal í aðalskipulagi auðkenna og gera grein fyrir náttúruverndarsvæðum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Gera skal grein fyrir hvaða landnotkun er fyrirhuguð á náttúruverndarsvæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hverju svæði fyrir sig.

Innan sveitarfélagsins Norðurþings eru þrjú friðlýst svæði og sex önnur svæði á náttúruminjasrá sem ekki hafa verið friðlýst. Eftirfarandi lýsing er á svæðunum í náttúruminjasrá:

**Jökulsárgljúfur**, Kelduneshreppi, N-Þingeyjarsýslu. Þjóðgarður stofnaður með reglugerð sbr. Stjórnartíðindi B, nr. 216/1973. Stækkaður samkvæmt reglugerð nr. 359/1993. Stærð 12.000 ha. (*Nú hluti af Vatnajökulsþjóðgarði.*)

#### Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss og nágrenni í Öxarfjarðarhreppi.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Náttúruvernd ríkisins] ákveðið, að undangengum samningaviðræðum við landeigendur Hafursstaða og Bjarmalands, svo og sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps, að friðlýsa Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss svo og næsta nágrenni þeirra austan Jökulsár á Fjöllum, og er svæðið náttúruvætti.

**Mývatn og Laxá**, S-Þingeyjarsýslu eru vernduð samkvæmt sérstökum lögum nr. 97 frá 9. júní 2004. Ákvæði laganna taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hölmum og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Auk þess ná lög þessi til eftirtalinnar votlendissvæða, ásamt 200 m bakka meðfram vötnum, ám og lækjum: Sortulækjar, Geirastaðahrauns, Sandvatns ytra, Belgjarskógar, Slýja, Neslandatanga, Framengja, Krákár frá Strengjabrekku að Laxá, Grænavatns, Helluvaðsár og Arnarvatns, ásamt votlendi sem því tilheyrir. Þá taka lögin enn fremur til vatnsverndar á vatnasviði Mývatns og Laxár.

**Bakkafjara og Bakkahöfði**, Húsavík. (1) Höfðinn ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi. (2) Sérkennilega rofnir sjávarklettar og nafir (berggangar) fram undan höfðanum. Lífríkar fjörur og sker.

**Votlendi við Öxarfjörð**, Kelduneshreppi, Öxarfjarðarhreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Svæðið afmarkast af Lóni í vestri, Skjálftavötnum í suðri og þaðan að hreppamörkum við Núpsvatn. (2) Sjávarlón og gróðurmikil grunn vötn. Stararengjar, keldur og þornaðir árfarvegir. Mikið fuglalíf.

**Meiðavallaskógur**, Kelduneshreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Svæðið vestan Þjóðgarðs og austan vegar inn í Vesturdal. Mörk fylgja Þjóðvegi (nr. 85) og veginum inn í Vesturdal þangað sem hann mætir Þjóðgarðsmörkum. (2) Vesturbarmur Ásbyrgis, skóglendi, fornir hlaupfarvegir Jökulsár á Fjöllum og tóftir fornra eyðibýla.

**Jökulsárgljúfur austan ár**, Öxarfjarðarhreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Svæðið austan Jökulsár frá Selfossi í suðri og norður að brú við Ferjubakka. Norðurmörk fylgja Þjóðvegi að Vaðkotsá og með henni suður á móts við Bjarnastaði. Þaðan bein lína suðaustur í Reyð og þaðan bein lína í suðvestur í Ytra-Norðmelsfjall. Úr Ytra-Norðmelsfjalli í vestur, stystu leið í Jökulsá sunnan Selfoss. (2) Fjölbreytt landslag og ríkulegur gróður. Æskilegt að þetta svæði verði sameinað Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. (*Hluti þessa svæðis hefur verið friðlýstur sem náttúruvætti, sjá Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss.*)

**Röndin við Kópasker**, Öxarfjarðarhreppi (áður Presthólahr.), N-Þingeyjarsýslu. (1) Sjávarbakkar frá Kópaskeri suður að Snartarstaðalæk. (2) Jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum, jökulruðningur. Minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins.

**Melrakkaslétta norðanverð**, Öxarfjarðarhreppi (áður Presthólahr.), Raufarhafnarhreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Norðanverð Slétta, norðan við línu sem dregin er úr Kollsvík við Öxarfjörð um Sandfjall í Geflu, þaðan austur um Grænur, sunnan Steinunnarvatns í Miðás við Glápsvötn, Melrakkaás og austur í Bæjarvík norðan Raufarhafnar. (2) Viðáttumiklar mýrar, lóna- og straumvatnakerfi, sjávarfitjar. Gróður og dýralíf með svalviðrisblæ, mikið fuglalíf. Blikalónsdalur er sigdalur með miklu grunnvatnsstreymi. Rauðinúpur er eldstöð frá ísöld. Í honum er fuglabjarg og þaðan er mikið útsýni.

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar ([www.ust.is](http://www.ust.is)) er að finna gagnaskrár með upplýsingum um náttúruverndarsvæði og náttúruminjar fyrir helstu landupplýsingakerfi.

Samkvæmt 65. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal umhverfisráðherra eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fyrir Alþingi. Samkvæmt náttúruverndaráætlun 2004-2008, sem samþykkt var á 130. löggjafarþingi, skal unnið að friðlýsingu Öxarfjarðar (nyrsti hluti svæðisins er á náttúruminjasrá), stækkun Þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Vatnajökullþjóðgarður hefur nú þegar verið stofnaður og er Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum orðinn hluti af honum. Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um framangreinda náttúruverndaráætlun og þau svæði sem áætlað er að friðlýsa í greinargerð með aðalskipulaginu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf leyfi

stofnunarinnar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum. Leita skal umsagnar og tilkynna stofnuninni um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá. Rétt er að þetta komi fram í greinargerð með aðalskipulaginu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í aðalskipulagi sveitarfélagsins verði mörkuð skýra stefna í málum er varða náttúruvernd og að tekin verði frá til framtíðar þau svæði innan skipulagssvæðisins sem hafa verndargildi og eru mikilvæg á héraðs-, lands- eða heimsvísu. Mikilvægt er að tryggja vernd slíkra svæða, þ.á.m. svæða sem nýst geta til útivistar og náttúrufræðslu. Má í því sambandi m.a. benda á að svæði meðfram ám og vötnum hafa oft mikið útivistargildi. Umhverfisstofnun bendir einnig á að hafa ber í huga að heilleg strönd er náttúruverðmæti og því æskilegt að halda ströndinni eins óraskaðri og hægt er. Við skipulag byggðar og framkvæmda ætti að gæta þess að ekki verði hindrað aðgengi almennings að vatns-, ár eða sjávarbakka, sbr. lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að besta tryggingin fyrir vernd svæða sem hafa verndargildi er formleg friðlýsing skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem slíkt tryggir verndun þeirra til framtíðar. Ef ekki er vilji til friðlýsingar skv. lögum um náttúruvernd má í aðalskipulagi skilgreina svæði sem njóta skulu hverfisverndar vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Ef skilgreind verða í aðalskipulaginu svæði sem njóta skulu hverfisverndar er mikilvægt að settar verði skýrar reglur um landnotkun á svæðunum, sbr. skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

### **Jarðmyndanir og vistkerfi**

Umhverfisstofnun vekur sérstaka athygli á 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd sem fjallar um vernd ákveðinna jarðmyndana og vistkerfa. Samkvæmt því skulu eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,
- e. sjávarfítjar og leirur.

Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun ofangreindra jarðmyndana og vistkerfa nema fyrir liggi aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga um náttúruvernd þar sem umsögn liggur fyrir.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að til að stofnunin geti gefið umsagnir um aðalskipulagstillögur m.t.t. þeirra jarðmyndana og vistkerfa sem taldar eru upp í 37. gr. fyrrgreindra laga verður í aðalskipulagi að gera fullnægjandi grein fyrir þeim svæðum innan viðkomandi sveitarfélags þar sem slíkar jarðmyndanir og vistkerfi er að finna. Því er nauðsynlegt að í skipulagstillögum eða þemakortum með þeim komi fram staðsetning þeirra innan skipulagssvæðisins. Að öðrum kosti verður að setja þann fyrirvara í aðalskipulagi að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir þegar hætta er á að jarðmyndunum og vistkerfum skv. 37. gr. laga um náttúruvernd verði raskað, þrátt fyrir að aðalskipulagið sé samþykkt eftir gildistöku laganna.

## **Efnistaka**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að mörkuð verði skýr stefna í efnistöku og að gerð verði grein fyrir henni í aðalskipulaginu. Að mati stofnunarinnar er gerð heildaráætlunar um núverandi og fyrirhuguð námusvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 400/1998, mikilvægur hluti af aðalskipulagsgerð. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir staðsetningu og stærð efnistökusvæða og fjalla um efnistöku í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Einnig þarf að marka á sem nákvæmastan hátt fyrir útlínum efnistökusvæða á skipulagsupprætti.

Umhverfisstofnun fer fram á að upplýsingar og áætlanir um efnistöku verði settar fram í aðalskipulagi í samræmi við VI. kafla laga um náttúruvernd, sem fjallar um nám jarðefna. Í því sambandi má benda á að ekki þarf að leita umsagnar stofnunarinnar um námur skv. 47. gr. fyrrgreindra laga ef fyrir liggur umsögn stofnunarinnar um námur skv. 33. gr. laganna. Til að stofnunin geti veitt fullnægjandi umsögn um nýjar námur innan sveitarfélaga sem settar eru fram í aðalskipulagi telur stofnunin brýnt að henni berist áætlanir um efnistöku og upplýsingar um vinnslutíma og frágang þessara efnistökuastaða, í samræmi við ákvæði 48. og 49. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Vakin er athygli á að samkvæmt 47. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Eiganda eða umráðamanni eignarlands er þó heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.

Þá vekur Umhverfisstofnun athygli á nýju ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Samkvæmt því er efnistaka óheimil eftir 1. júlí 2008, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og ákveðin skilyrði eru uppfyllt, sjá bráðabirgðaákvæði IV. Eftir 1. júlí 2012 skal afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 í samræmi við ákvæði VI. kafla laga um náttúruvernd.

## **Svæði fyrir frístundabyggð**

Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að gerð sé skýr grein fyrir frístundabyggð í aðalskipulagstillögum. Fram komi m.a. hvaða svæði eru ný og á hvaða svæðum gert er ráð fyrir stækkun núverandi frístundabyggðar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt skipulagsreglugerð skal í aðalskipulagi gera grein fyrir staðsetningu og stærð svæða, þéttleika byggðar og öðrum einkennum þegar byggðra og fyrirhugaðra svæða fyrir frístundabyggð, eftir því sem þurfa þykir. Gera skal grein fyrir tengslum svæðanna við samgöngur, þjónustu og opin svæði. Einnig skal gera grein fyrir áfangaskiptingu og áfangaröð, eftir því sem kostur er. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þessar upplýsingar komi fram í greinargerð með aðalskipulaginu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við skipulagningu svæða fyrir frístundahús sé lögð á það áhersla að raska ekki svæðum á náttúruminjasrá eða jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.

## Skógrækt

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í aðalskipulaginu verði gerð grein fyrir þeim svæðum sem ætluð eru undir skógrækt í samræmi við kafla 4.14.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem segir að sérstaklega skuli gera grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgræðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða. Ef skógræktarsvæði verða ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskipulagsupprætti telur stofnunin nauðsynlegt að sýna skógræktarsvæði á sérstöku þemakorti.

Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að sett verði fram skýr stefnumörkun varðandi skógrækt í aðalskipulaginu ef stefnt er að eflingu skógræktar innan sveitarfélagsins og að sett verði fram sérstök markmið um hvernig standa beri að skógrækt. Stofnunin telur nauðsynlegt að sett verði sértæk markmið eða skilyrði varðandi skógrækt, s.s. að skógrækt spilli ekki kennileitum í landslagi, jarðmyndunum og búsetuminjum; þess verði gætt að planta ekki alveg niður undir vatnsbakka; ekki verði plantað í mýrlendi og þess gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða; a.m.k. 30 – 50 m svæði frá vatni og votlendi verði undanskilið skógrækt.

## Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á að komin er út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Landsáætlunin er almenns eðlis og m.a. til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi svæðisbundna áætlanagerð sem átti að vera lokið fyrir 1. apríl 2005. Umhverfisstofnun telur rétt að í greinargerð komi fram upplýsingar um framvindu þeirrar vinnu.

## Fráveita

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ skulu sveitarstjórnir gera tillögur að skilgreiningu viðtaka þar sem það á við og skal hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi metin skv. skilgreiningu í fylgiskjali 2 með reglugerðinni, sjá einnig 21. og 23. gr. reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun hvetur til þess að sveitarfélagið setji sér tímasett markmið hvað varðar mat á viðtaka fráveitu.

## Verndun vatns

Umhverfisstofnun bendir á að nýjar reglugerðir er varða mengunarvarnir hafa tekið gildi frá gildistöku skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og er því umfjöllun í gr. 4.21 í skipulagsreglugerð ekki í samræmi við núgildandi reglugerðir. Í núgildandi reglugerðum eru til dæmis ekki skilgreind „*verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum*”.

Umhverfisstofnun bendir á að við flokkun vatnsverndarsvæða ber að fylgja reglugerð nr. 536/2001, um neysluvatn, sjá og reglugerð nr. 533/2001, um breytingu á reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

Samkvæmt IV. kafla reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka yfirborðsvatn og grunnvatn og skulu á skipulagsupprætti aðalskipulags koma fram langtímamarkmið. Einnig skal kortleggja svæði viðkvæm fyrir mengun og menguð svæði, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og 9. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns átti flokkun vatns í samræmi við 8. gr., sbr. 9. og 10.

gr. reglugerðarinnar, að vera lokið innan 4 ára frá gildistöku reglugerðarinnar, þ.e. fyrir 1. nóvember 2003. Flokkun vatns skv. ákvæðum reglugerðarinnar ætti því nú þegar að vera lokið í öllum sveitarfélögum. Hafi slík flokkun þó ekki farið fram telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að í aðalskipulagi séu sett fram *tímasett markmið* varðandi það hvernig ákvæði reglugerðarinnar um flokkun vatns verði uppfyllt.

### Hljóðvist

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt gr. 3.2. í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal við skipulagsgerð höfð hliðsjón af loftgæðarannsóknnum og hávaðamælingum framkvæmdum samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar og álitu viðkomandi heilbrigðisnefndar og Hollustuverndar ríkisins [nú Umhverfisstofnun]. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða skulu skipulagsyfirvöld hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðamælinga og útreikninga við gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags.


Umhverfisstofnun vekur jafnframt athygli á að samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir skal kortleggja hávaða á þéttbýlissvæðum, við stóra vegi og stóra flugvelli við þær aðstæður sem tilgreindar eru í viðauka VI í reglugerðinni og meta hve margir verða fyrir áhrifum af völdum hans. Við gerð skipulagsáætlana skal sveitarstjórn hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðakortlagningar, sbr. 9. gr. fyrrgreindrar reglugerðar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skal gerð hávaðakorta fyrir vegi þar þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári lokið eigi síðar en 30. júní 2012. Einnig skal gerð hávaðakorta fyrir þéttbýlissvæði lokið eigi síðar en 30. júní 2012. Umhverfisstofnun telur því að fjalla verði um ákvæði reglugerðarinnar í greinargerð aðalskipulagsins. Mikilvægt er að fjallað verði um umferðartölur um helstu þjóðvegi í sveitarfélaginu og birtar verði spár um umferð á gildistíma skipulagsins og út frá þeim lagt mat á hljóðstig í nágrenni þeirra.


### Framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun telur brýnt að skýrt komi fram í greinargerð skipulagsáætlunar hvaða framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru innan sveitarfélagsins samkvæmt aðalskipulagi, falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun veitir fúslega frekari ábendingar og aðstoð ef óskað er.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Friðriksdóttir  
lagstjóri

  
Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri